

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Mið-Afríkulyðveldið, nr. 760/2014.

1. gr.

Almenn ákvæði.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætist við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.32 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2487 frá 9. nóvember 2023 um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulyðveldinu, sbr. fylgiskjal 1.32.

2.31 Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/2506 frá 9. nóvember 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 224/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulyðveldinu, sbr. fylgiskjal 2.31.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 68/2023.

3. gr.

Viðurlög.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 24. nóvember 2023.

Bjarni Benediktsson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.32.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/2487
frá 9. nóvember 2023
um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. desember 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/798/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu.
- 2) Hinn 27. júlí 2023 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2693 (2023). Í þeirri ályktun er ákveðið að aðgerðir vegna vopnasölubannsins og tengdar kröfur varðandi tilkynningar gildi ekki lengur um sölu, afhendingu eða tilflutning á vopnum og tengdum hergögnum og aðstoð, ráðgjöf og þjálfun í þágu öryggissveita Mið-Afríkulýðveldisins, þ.m.t. borgaralegra löggæslustofnana ríkisins.
- 3) Því ætti að breyta ákvörðun 2013/798/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í ákvörðun 2013/798/SSUÖ er 2. gr. breytt sem hér segir:

- 1) Í stað g-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:
„g) sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á vopnum og tengdum hergögnum af öllu tagi, þ.m.t. vopnum og skotfærum, herfarartækjum og -búnaði, búnaði sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutum í þau, og tengdri aðstoð, ráðgjöf og þjálfun í þágu öryggissveita Mið-Afríkulýðveldisins, þ.m.t. borgaralegra löggæslustofnana ríkisins eða“.
- 2) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
„2. Aðildarríki skulu tilkynna nefndinni fyrir fram um hvers kyns heimilaða sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning skv. a-, b-, c-, d-, f- og i-lið 1. mgr.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

N. CALVIÑO SANTAMARÍA

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ frá 23. desember 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (Stjttíð. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 51).

Fylgiskjal 2.31.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/2506
frá 9. nóvember 2023
um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 224/2014 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2487 frá 9. nóvember 2023 um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 10. mars 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 224/2014⁽²⁾, um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu með það fyrir augum að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ⁽³⁾.
- 2) Hinn 27. júlí 2023 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2693 (2023). Í þeirri ályktun er ákveðið að aðgerðir vegna vopnasölubannsins og tengdar kröfur varðandi tilkynningar gildi ekki lengur um sölu, afhendingu eða tilflutning á vopnum og tengdum hergögnum og aðstoð, ráðgjöf og þjálfun í þágu öryggissveita Mið-Afríkúlýðveldisins, þ.m.t. borgaralegra löggæslustofnana ríkisins.
- 3) Hinn 9. nóvember 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/2487, sem breytir ákvörðun 2013/798/SSUÖ í samræmi við ályktun öryggisráðs SP nr. 2693 (2023).
- 4) Nokkrar þessara breytinga falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 224/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað e-liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 224/2014 kemur eftirfarandi:

„e) í tengslum við útvegum á vopnum og tengdum hergögnum af öllu tagi, þ.m.t. vopnum og skotfærum, herfarartækjum og -búnaði, búnaði sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutum í þau, til öryggissveita Mið-Afríkúlýðveldisins, þ.m.t. borgaralegra löggæslustofnana ríkisins.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

N. CALVIÑO SANTAMARÍA

⁽¹⁾ Stjórið. ESB L, 2023/2487, 10.11.2023, <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/2487/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 224/2014 frá 10. mars 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu (Stjórið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ frá 23. desember 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu (Stjórið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 51).